



Grein birt 30. október 2012



Mynd 1 – Myndin fylgdi erindi höfundar í Ritveri á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Edda Kjartansdóttir

## Um nauðsyn þess að veita spakviturri hænu og nöldrandi spurningarmerki sess í fræðilegri ritgerð

Greinin er skrifuð frá sjónarhjóli nemandar sem upplifir köfnunartilfinningu þegar rannar fræðaheimsins þrengja að. Edda fjallar um glímu sína við þá ramma í háskólanámi í ljósi af hugmyndum Laurel Richardson. Hún greinir frá því hvernig þær hjálpuðu henni að öðlast rödd og gerðu henni kleift að nota ritun sem skapandi aðferð við að túlka og skilja þann heim sem hún hefur lifað og hræst í lengi. Richardson telur að túlkun á rannsóknargögnum megi birta á fjölbreyttu formi og upp úr gögnum greinarhöfundar spratt saga af spakviturri hænu og nöldrandi spurningarmerki. Tvíeyki þetta fór í ferðalag í fylgd stúlkunnar Birtu til að reyna

að varpa ljósi á hvernig það farg sem Birtu finnst að hvíli á kennurum er samsett. Greinin er byggð á erindi sem höfundur flutti í Ritveru á Menntavísindasviði Háskóla Íslands 8. nóvember 2010. Erindið var aftur byggt á M.Ed.-ritgerð höfundar, *Birta varpar ljósi á stöðu kennara*.

Höfundur er forstöðumaður SRR Símenntun, rannsóknir, ráðgjöf á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

### **On the need to allow a wise hen and a nagging questionmark to reside in an academic paper**

This paper is written from the viewpoint of a student who felt suffocated by stifling frameworks of the academic world. The author discusses her struggle with these frameworks in her university studies in light of ideas put forward by Laurel Richardson. She describes how Richardson helped her to gain a voice and how she used writing as a creative way to interpret and understand the world in which she has lived and moved for a long time. Richardson believes that research conclusions can be presented in many forms and from the author's data sprang the history of a wise hen and a nagging questionmark. This duo went on a trip along with the girl Birta in an attempt to illuminate how the burden Birta feels teachers are carrying is constructed. The paper is based on a M.Ed. thesis and stems from a lecture that the author gave on the 8th of November 2010 in the Writing Center (i. *Ritver*) at the School of Education, University of Iceland. The author is director of SRR Símenntun, rannsóknir, ráðgjöf, a consulting, research and teaching unit at the School of Education, University of Iceland.

## **Inngangur**

Ég tel mikilvægt að nemendur læri að koma þekkingu sinni á framfæri á fjölbreyttan hátt. Enda er ég sannfærð um að þegar nemendur fá tækifæri til að nota hugmyndaflug sitt til að læra um og setja fram ákveðið efni, hugmynd eða verk með aðferðum sem þeim henta, í stað þess að þurfa að fylla inn í fyrirfram ákveðið form, gefist þeim tækifæri til að styrkja sína skapandi taug og einnig sjálfa sig sem greinandi, hugsandi manneskjur. Mín reynsla er hins vegar sú að töluverð áhersla sé lögð á að temja þá sem hafa sterka þörf til að beita skapandi hugsun og unnið sé markvisst að því að kæfa þann eiginleika, bæði hjá börnum og fullorðnum. Frekar er ætlast til að fólk fylgi þeim leikreglum sem ríkja og tilraunir barna og/eða fullorðinna til að fylgja eigin innsæi eru oft litnar hornauga þegar best lætur og jafnvel alveg barðar niður. Ætli sé þó ekki óhætt að halda því fram að til að brjótast undan þeim römmum sem kerfið eða valdið setur fólk þurfi skapandi hugsun að koma til? Líklega myndu þó einhverjir fremur segja að skapandi hugsun geri fólk kleift að vinna á persónulegan hátt inni í þeim römmum sem því er ætlað að fylgja á sínu sviði. Enda er misjafnt hversu mikilvægir rammarnir eru taldir. Í meistaraaritgerð sem ég vann að 2009–2010 reyndi ég að vinna inni í þeim ramma sem mér var settur í fræðilegum skrifum en fann jafnframt sterka þörf til að brjóta reglur og losna út úr rammanum.

Áhugavert gæti verið, að mínu mati, að reyna að skilgreina hvort óhlýðni nemenda sé endilega merki um skapandi hugsun. Mér finnst líklegast að niðurstaðan úr þannig greiningu yrði sú að óhlýðni spretti af ólíkum þáttum. Kannski af leti, geðrænum vandamálum, námsörðugleikum eða félagslegum vandamálum svo að eitthvað sé nefnt. En kennari sem glímur við fjölbreyttan nemendahóp, á hvaða aldri sem sá hópur er, þarf að búa yfir töluverðri færni til að ráða við að beita ólíkum aðferðum til að takast á við óhlýðni nemenda með þeim meðólum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig. Það sem lítur út fyrir að vera óþægð getur á stundum stafað af leyndum hæfileikum sem mikilvægt er að berja ekki niður. „Á hverjum degi dreifa börn draumum sínum við fætur okkar og því skulum við stífga varlega til jarðar“, segir Robinson (2010).

Að mínu mati er mikilvægt að spyrja sig að því hvort þeir rammar sem við setjum hvert öðru séu endilega þeir mælikvarðar sem við eigum að nota til að meta hvort fólk er gott eða vont, gáfað eða vitlaust, hafi hæfileika og/eða búi yfir ákveðinni færni. Rammarnir eru mannaþættingar sem geta varla talist algildar, í það minnsta þarf stöðugt að endurmeta þá. Mín reynsla er sú að mannskepnan virðist elska ramma, viðmið og kvarða ekki síst til að geta dregið fólk í dilka. Ég set spurningamerki við þá aðferð og finnst mikilvægara að meta fjölbreytnina án allra dóma um hvað sé öðru æðra eða óæðra.

## Glíma mín við rammanna

Í framhaldsnámi mínu, sem ég byrjaði um aldamótin 2000 og hef stundað með nokkrum árshléum inn á milli þar til ég útskrifaðist með meistaraþráðu í október 2010, skynjaði ég að það var ætlast til þess að ég ynni innan ákveðinna ramma. Ég taldi mig skilja að þessir rammar snerust aðallega um form. Uppsetning á efni og að vitna í „rétta“ fræðimenn sýndist mér að skipti miklu máli. Mjög sjaldan ræddu kennarar um innihald skrifa minna eða nálgun mína á viðfangsefnið. Algengt var hins vegar að kennarar merktu með rauðu við villur sem snerust um punkta og kommur í heimildaskrá og mér var bent á hvaða setningar áttu að vera inndregnar og annað þess háttar. Einnig komu stundum athugasemdir um að ekki mætti draga of stórar ályktanir af einhverju sem ég hafði lesið eða þóttist skilja. Þessar athugasemdir um formið, urðu til þess að ég fór að draga stórlega í efa hæfni mína til að fylla út í formið eins og til var ætlast. Löngun mín til að læra hélt mér þó við efnið. Ég flosnaði því ekki upp úr námi en neitaði að horfast í augu við að ég væri í formlegu námi og hafði engan áhuga á að ná mér í gráður. Ég vildi hins vegar halda áfram að mennta mig til að verða betri í að takast á við störf mín sem grunnskólakennari og deildarstjóri.

Þegar kom svo að því að ég varð að velja milli þess að hætta að sækja nám í Kennaraháskóla Íslands eða að skrifa meistaraþritgerð ákvað ég að reyna við ritgerðina þó að ég væri nokkuð sannfærð um að ég hefði ekki það sem til þyrfti. Í fyrstu barðist ég um á hæl og hnakka, annars vegar við að reyna að þröngva mér inn í formið og hins vegar við að reyna að finna leiðir út úr því. Smátt og smátt varð ég viss um að ég vildi ekki að láta reka mig eins og rollu í rétt inn í þrönga ramma akademíunnar. Mig langaði til að glíma við að læra nýja hluti á eigin forsendum, brjóta heilann og öðlast nýjan skilning laus undan oki mannaþættinga sem ég sá ekki tilganginn með. Þessi óþægð mín stafaði að einhverju leyti af þeirri sannfæringu minni, að ég hefði ekki það sem til þyrfti, m.ö.o. af minnimáttarkennd en einnig af innbyggðri „andstöðuprjóskskuröskun“ sem hefur fylgt mér lengi. Hugmyndir um skapandi nálgun þekkti ég ekki og það hvarflaði aldrei að mér að glíma mín stafaði hugsanlega af einhverju sem kalla mætti sköpunarþörf.


Til að kynna mér hvernig fólk gerði meistaraþritgerðir las ég nokkrar slíkar og fannst þær fremur keimlíkar. Ég velti fyrir mér tilganginum með þeim skrifum og hverjir myndu lesa þær. Sama á við um margar fræðigreinar sem ég las, sérstaklega þær þar sem kröfum um hlutleysi og fjarveru höfundar er mætt fullkomlega. Við lestur þeirra missti ég þráðinn og átti því á stundum erfitt með að einbeita mér svo vel að ég skildi hvað viðkomandi höfundur var að segja. Höfundar sem voru viðstaddir í textum sínum og mér fannst ég kynnast við lesturinn töluðu frekar til mín en þeir sem reyndu að vera ósýnilegir. Mig langaði ekki til að skrifa einungis fyrir sjálfa mig og dreymdi um að fleiri en ég hefðu áhuga á að lesa skrif mín. Því vildi ég reyna að skrifa eitthvað annað en þurran fræðitexta. Ef til vill er óhætt að segja að ég sé jafn sjálflæg og þeir sem telja henta best að allir námsmenn læri að vinna samkvæmt formúlum náttúruvísindanna, og að sú sjálflægni mín geri það að verkum að mig langaði helst til að skrifa á sama hátt og þeir sem til mín höfðu.

Ég sá ekki tilgang með vinnunni ef ég myndi einungis af hlýðni fylla inn í form sem hefur þau áhrif á mig að mér finnst ég vera léleg í því sem ég er að glíma við. Form sem ég að

auki óttast að hafi þau áhrif að mjög fáir nenna að lesa það sem ég hef fram að færa. Mér varð ljóst að til að ég nennti að leggja á mig þá vinnu sem þurfti til að vinna verkefnið voru tvö grundvallaratriði mikilvæg:

- að sjá tilgang með vinnunni
- að hafa gaman af vinnunni

Tilgangur minn var að höfða til fólks með skrifum mínum enda langaði mig til að skrifa fyrir lesendahóp ekki bara sjálfa mig og mína nánustu. Mér var í raun líkt farið og skáld-sagnapersónu hjá Oddnýju Eir Ævarsdóttur (2009) í bókinni *Heim til míns hjarta*. Hana dreymdi um að nota doktorsverkefni sitt sem sárabindi á samfélagsmein. Því með skrifum í meistaraverkefni mínu vildi ég vekja fólk til umhugsunar og bjóða því að setjast hjá mér á minn sjónarhól og skoða veröldina með mér þaðan. Í barnalegustu draumum mínum langaði mig til að lestur verkefnisins vekti fólk til umhugsunar og fyllti það af löngun til að grípa til aðgerða. Það var sá eldmóður sem gerði mér kleift að strögglast við að leysa þá þraut að skrifa meistararitgerð. Og í því ströggli komst ég að því að mér hugnast alls ekki þær útilokandi reglur sem mér finnst ríkja innan fræðaheimsins. Þær reglur ýta að mínu mati undir hugmyndir um að aðeins fáir útvaldir hafi vald á því að bregða upp myndum af heiminum. En myndirnar af heiminum eru í mínum huga sameign okkar allra og mig langaði til að leggja mitt púsl til einnar þeirra og til þess að geta það varð ég að fá tækifæri til að fara mína eigin leið, með þá von í brjósti að einhvers staðar væri fólk sem nennti að skoða minn bút, máta sína búta við hann og ræða um hvort og/eða hvernig sýn okkar skarast eða ekki.



**Mynd 2 – Myndin fylgdi erindi höfundar í Ritveri.**

Ánægja mín fólst í því að láta það eftir mér að brjótast undan forminu og gera tilraunir með það og einnig að lesa efni um og eftir fræðimenn sem einnig höfðu glímt við þær mannasetningar sem ég átti erfitt með að sjá tilganginn með. Það var mjög mikilvægt fyrir mig til að þora að halda mínu striki og ég leitaði að fólki sem gæti stutt mig í því að teygja mig út fyrir rammann til að geta að skapað persónulegt verk sem uppfyllti þó þær kröfur sem gerðar eru til skólaverkefna af þessu tagi.

Mig langaði til að koma skilningi mínum frá mér með persónulegum hætti. En í því getur falist ákveðinn vandi. Páll Skúlason (1991) telur vandann við að miðla persónulegri reynslu spretta af því að þegar við metum hvað skiptir okkur máli, séum við líkt og fjötruð við óræðar tilfinningar

djúpt í eigin sálarlífi. Þó að stundum sé líkast því að ekkert annað en það sem okkur finnst og langar skipti okkur máli er ekki sjálfgefið að við séum viss um hvað okkur finnst eða langar. Vegferð mín fólst m.a. í því að hjálpa sjálfri mér við að henda reiður á þeim veruleika sem tilfinningar mínar beindust að svo að mér tækist að tengja tilfinningar mínar við skilning á því sem skipti mig mestu máli svo að mér yrði sem best ljóst hvar og hvernig ég get haft áhrif í veröldinni.

## Laurel Richardson

Ég valdi mér leiðbeinanda sem ég taldi að væri ekki fastur í forminu, enda var mjög mikilvægt fyrir mig að hann styddi mig í viðleitni minni við að fara óhefðbundna leið. Á honum var aldrei neitt hik með það að hægt væri að fara ýmsar leiðir við þekkingaröflun og miðlun þekkingar. Þegar Hafþór Guðjónsson, leiðbeinandi minn, kynnti svo Richardson (1997, 2005) fyrir mér var eins og ég hefði loksins hitt þann sem ég þurfti á að halda til að geta unnið eins og mér hentaði best. Hún gaf mér leyfið sem mér var nauðsynlegt og ekki skemmdi fyrir að hún vitnaði í Brendu Ueland (1987) sem ég hef lesið mér til hvatningar af og til undanfarin ár.

Richardson (1997) lýsir sömu tilfinningum og ég fann fyrir og viðurkennir að hafa fundist rannsóknarskýrslur og greinar oft á tíðum óáhugaverðar og oftar en ekki rétt skimað þær vegna þess að hún nennti ekki að lesa þær gaumgæfilega.

Richardson (1997) rökstyður einnig að þá kröfu, að höfundur dragi sjálfa sig út úr fræðilegum skrifum, sé ekki hægt að uppfylla. Höfundurinn sé alltaf áhrifavaldur á umfjöllunar efnið, hann getur ekki núllað sig út þó hann reyni að telja sjálfum sér og lesandanum trú um að hann sé ekki á staðnum. Heiðarlegra sé að lesandinn fái vitneskju um að höfundurinn sé þarna og viðurkennt sé að skrifin endurspegli þær niðurstöður sem hann fékk með þeim rannsóknaraðferðum sem hann valdi að nota og miðað við það sjónarhorn sem hann valdi. Sú hugmynd að rannsakandinn sé til staðar, jafnvel þó hann þykist ekki vera það, hentar mér enda á ég erfitt með að þurrka sjálfa mig út úr skrifum mínum.

Að mati Richardson (2005) koma fastmótuð módel í veg fyrir að ritunin sjálf sé nýtt sem kröftugt og skapandi ferli. Hætt sé við að þau dragi ritunarlöngunina úr þeim rannsakendum sem eru að byrja sinn feril, því krafan um að þeir þaggi niður í sjálfum sér og skrifi stagl sem fáir nenna að lesa minnki löngun þeirra til að skrifa um rannsóknarefnið.

Richardson (1997) lítur svo á að skrifin sjálf séu aðferð til að rannsaka fyrirbæri, með því að skrifa um þau kemst höfundur að nýjum flötum á viðfangsefninu og um leið verður til ný vitneskja sem leiðir hann mögulega inn á nýjar brautir. Richardson lítur á ritunarferlið sem leið til þroska, náms og skilnings. Samkvæmt henni bjóðast aðferðir sem leyfa þeim sem skrifa að þroska með sér eigin nálgun á það sem hann setur fram um leið og hann eykur skilning sinn á viðfangsefninu. Skrifin eru því ekki, að mati Richardson, lokapunktur í rannsóknarferli, aðeins notuð til að lýsa því hvernig var unnið og að hvaða niðurstöðu var komist, heldur ferli sem bætir við og skapar þekkingu um leið og það á sér stað.

Richardson (1997) bendir einnig á að ef ávallt er skrifað á svo fræðilegu máli að einungis lokaður hópur hámenntaðra fræðimanna nennir að leggja það á sig að lesa um rannsóknir, geti verið hætt við því að öll vitneskja lokist inni í litlum hópum og nái ekki eyrum allra þeirra sem mikilvægt er að hún nái til.

Ég, líkt og Richardson (1997, 2005), skrifa til að læra eitthvað nýtt og uppgötva hluti. Á stundum nota ég skrif sem nokkurs konar samræðu við sjálfa mig til að glöggva mig á eigin hugsunum um tiltekin málefni. Og hugmyndir Richardson (1997, 2005) studdu mig í þeirri ákvörðun minni að setja saman í persónulegan pakka þá reynslu og vitneskju sem ég hef sankað að mér í námi og starfi og skrifa M.Ed.-ritgerð um þá ferð mína. Í ritgerð minni varpa ég upp mynd af því sem birtist mér í þeim persónulegu gögnum sem ég vann

með. Sú mynd lýsir þeirri sjón sem við mér blasti eftir ferð um eigin reynsluheim og myndina tengi ég við fræðimenn sem ég tel að fylli upp í myndina og undirbyggji hana.

## Fleiri fræðimenn

Ég ákvað í mínu meistaraverkefni að gera starfendarannsókn vegna þess að innan þeirrar hefðar ríkir það frelsi sem mér er nauðsynlegt til að skapa eigið verk. M.a. kemur þar fram varðandi skrif starfendarannsakenda að ein leið til að meta gæði þeirra sé að skoða hvort rannsakandinn sé til staðar í textanum sem greinandi og hugsandi manneskja fremur en tæknilegur aðili sem er einungis að fylla út í fyrirfram ákveðið form (Marshall og Reason, 2007).

Þegar ég las hjá Walsh (1998) og Richardson (1997) að leyfilegt væri að setja á svið aðstæður sem blasa við í gögnunum fór sagan af Birtu sem aðferð við að koma frá mér fræðilegri túlkun og greiningu gagna að verða til í huga mér. Einnig studdu skrif Richardson (1997) mig en hún telur að þeir sem óska þess að vísindin og hið ljóðræna gangi í takt, og að þeir sem eiga sér draum um að nýta hæfni sína til að ýta undir valdeflingu þess fólks sem þeir rannsaka, verði að meta mátt sögunnar (e. *narrative*) sem forms til að varpa ljósi á stöðu fólks.

Ræða Péturs Gunnarssonar rithöfundar (2010), þegar hann fékk viðurkenningu Hagþenkis 2010 fyrir Þórbergsbækur sínar, styrkti þá skoðun mína að í lagi sé að skrifa fleira en hátimbraðar fræðigreinar. Það sem hann sagði í ræðu sinni um að í litlu málsamfélagi væri ekki hægt að búa til elítu; „300 þúsund sálir geta aldrei myndað elítu; annað hvort talar maður við alla eða sjálfan sig“, fannst mér ríma við það sem ég hafði áður lesið hjá Richardson (1997, 2005) um hættuna á því að vitneskja lokist inni í þröngum hópi ef fræðimenn skrifa einungis hver fyrir annan.

Í ferlinu læddist stundum að mér sá grunur að kannski væri auðveldara að skrifa bara fyrir sjálfan sig, vera ósýnilegur og láta sig engu varða hvort lesendur nenni að lesa skrifin eða ekki. En sú hugmynd að lesandinn skipti máli og mikilvægt sé að honum finnist þeim tíma sem hann ver í að lesa skrif mín sé vel varið varð þeim hugsunum yfirsterkari (Jensen, 2005:27–28). Ég ákvað að hugrekki til að vera maður sjálfur væri mikilvægara en að reyna að uppfylla kröfur frá öðrum. Ég tók ákvörðun um að gera tilraun til að leyfa rödd minni að hljóma. En hæfni mín til að sjá, heyra, greina og túlka hefur orðið til á langri ævi. Á þeim tíma hef ég mótast og sýn mín á heiminn hefur þroskast í uppeldi, í námi, með samneyti við fólk og við margs konar lestur. Lífið hefur mótað mig og félagslegar aðstæður mínar hafa kennt mér „réttan“ smekk á ýmsum sviðum og ég undirgengst það bæði meðvitað og ómeðvitað (Bourdieu, 2007).

En hvað varðar „fræðileg skrif“ hef ég val um tvennt:

- Að brjótast undan valdi þeirra sem telja sig vita hvernig á að horfa á heiminn og hvernig skal lýsa því sem maður upplifir.
- Að vera mállaus.

Ég get ekki beygt mig undir það vald sem ætlast til að ég horfi á heiminn og lýsi því sem ég sé með fyrirfram skilgreindum hætti, tilhugsunin um það fyllir mig bæði líkamlegri og andlegri óþreyju og ég missi málið. Minn inngróni vani (*habitus*) að upplifa regluverk sem kæfandi og ögrandi í senn sigraði í glímu minni við nálgun í fræðilegum skrifum. Enda er ég nýgræðingur og ekki búin að tileinka mér tálsýn (*illusio*) þess fræðasviðs sem ritgerð mín tengist. Þá tálsýn að til sé „hin rétta“ aðferð við að skoða, greina og túlka veröldina (Bourdieu, 2007).

Ég veit að þó ég geti ekki fylgt forskrifaðri rullu er ekki víst að mér takist að teikna mína mynd svo skýrt upp að aðrir sjái það sem ég sé eða heyri það sem ég segi. En það er mikilvægt að taka skrefið og sitja ekki bara þegjandi á bekknum þó maður geti ekki fylgt leikreglunum (þetta er sem betur fer ekki fótboltaleikur, svo að skaðinn af þátttöku minni er minni háttar).

## Sagan af Birtu spratt upp úr gögnum mínum

Gögnin sem ég notaði í meistaraprófsrannsókn minni eru fyrri skrif mín, dagbækur, skóla-  
verkefni og blogg en þau lýsa reynslu minni m.a. í starfi sem grunnskólakennari. Við lest-  
ur þessara fyrri skrifa spruttu einnig upp minningar um reynslu sem ég hafði orðið fyrir og  
ég skráði hugleiðingar varðandi það í rannsóknardagbók. Ég las markvissst blogg mín frá  
árunum 2004–2010, dagbækur frá 2001–2010 og skólaverkefni árunum 2006–2009 til við-  
bótar við rannsóknardagbók mína frá 2008–2010. Önnur gögn eru fræðitextar og bók-  
menntatextar sem hafa orðið á vegi mínum og mér fannst ríma við það sem ég var að  
skoða. Ég átti í markvissu samtali við sjálfa mig til að flokka og henda reiður á eigin hugs-  
unum og skráði það.

Ég leitaði lykilhugtaka og hugmynda í skrifum mínum til að fylla upp í þá mynd sem fram  
kemur af mér og hugmyndum mínum í þessum eldri skrifum. Jafnframt nýtti ég tilfinningar  
mínar og reynslu í gegnum tíðina sem gögn til að skerpa myndina enn frekar. Við söfnun,  
flokun, greiningu og túlkun á þessum gögnum kviknaði sagan af Birtu.

Í fyrstu átti sagan einungis að vera stuttir niðurstöðukaflar eftir „fræðilega kafla“ en eftir  
því sem mér óx ásmegin, fyrir hvatningu Hafþórs Guðjónssonar og áhrif þeirra Laurel  
Richardson og Brendu Ueland, ákvað ég að gera söguna af Birtu og félögum að súlurit-  
um, töflum og kökuritum rannsóknarinnar. Ferðalag og samtöl þremminganna er lýsing  
á því sem ég hef uppgötvað smátt og smátt í yfirferð minni um skrif mín úr eigin hugar-  
heimi og tengt skrifum fræðimanna. Ævintýrin sem þau félagarnir lenda í hafa átt sér stað  
í mínum reynsluheimi, eilítið öðru vísi þó, en eru til. Saga þeirra endurspeglar eða kallast  
á við fræðilega umfjöllun í meistararitgerð minni, eldri gögn frá mér og ýmislegt úr mínum  
reynsluheimi.

### Birta

Skynjanir og endurminningar eru sá efniviður er sálin byggir úr hugmyndaheim  
sinn. Ímyndunaraflíð myndar nýjar heildir [...] þannig er mannsálin ekki aðeins  
spiegill reynslunnar, ekki aðeins örsk eða blað sem atvikin skrifa á með sínum  
krummaklóm, heldur hefur hún mátt til að skapa nýjar myndir sem augað hefur  
ekki séð, né eyrað heyrt.

(Guðmundur Finnbogason, 1994:30)

Sagan af Birtu varð til með hjálp ímyndunaraflsins sem gerði mér kleift að setja reynslu  
mína í námi og starfi fram í ferðasögu þrenningarinnar Birtu, Brendu og spurningarmerkis-  
ins. Sagan af Birtu spratt fram við skoðun og ígrundun gagna minna eins og fyrr segir og  
hún er ekki skáldskapur, heldur lýsir hún þeim heimi sem ég þekki hvað best og er byggð  
á vangaveltum mínum um hann fyrr og nú. Sagan af Birtu byggist á fræðum og reynslu.  
Sagan hjálpar mér við að endurskapa eigin texta og setja fram minn skilning á því sem  
við mér blasir. Þessi framsetning gerir mér kleift að segja hluti sem ég tel mikilvægt að  
segja en ætti frekar erfitt með ef ég tengdi lýsingar við einstök atvik sem hafa átt sér stað  
í raunveruleikanum. Ég vil ekki að hægt sé að tengja atvik eða samræður við persónur.  
Enda er ég ekki að fjalla um þeirra persónulegu skoðanir heldur hlutverk í því samhengi  
sem tengir mig og þær. Þess vegna ákvað ég að setja á svið summu nokkurra atvika  
(Walsh, 1998).

Prenning leggur af stað vegna þess að Birtu langar til að skilgreina það sem henni finnst hvíla á fólkinu sínu og draga úr því mátt.

Þegar Birta leggur af stað með bakpokann góða, vel festan á bakið, er leirbrúna hænna Brenda henni við hlið og óumbeðið lötrar ónefnt spurningarmerki í humátt á eftir þeim án þess að þær taki eftir því.

(Edda Kjartansdóttir, 2010)

Þrenningin í sögunni er viss birtingarmynd af sjálfri mér. Henni er ætlað að draga upp mynd af því sem bærst hefur innra með mér í ljósi af stöðu kennara í samfélagi sem að því er virðist leggur mest upp úr góðum leiðbeiningum til handa kennurum án þess að velta fyrir sér áhrifunum sem það getur haft á fagmennsku kennaranna. Ferðalag og samtöl þremmenninganna er lýsing á því sem ég hef uppgötvað smátt og smátt í yfirferð minni um skrif mín úr eigin hugarheimi og tengt skrifum fræðimanna. Ævintýrin sem þau þrjú lenda í hafa átt sér stað í mínum reynsluheimi.

Í sögunni hefur hænna Brenda það hlutverk að tala rödd þeirra sem vilja losna undan kæfandi oki hefðarinnar og telja að einungis með því að þekkja sjálfan sig finni einstaklingur sína eigin rödd og geti þar með orðið skapandi, sterk og heiðarleg manneskja. Laus undan valdi þeirra sem vilja steypa aðra í fyrirfram ákveðið mót (Ueland, 1987). Það vald yfir eigin aðstæðum er mikið réttlætismál að mínu mati.

Ég ákvað að hafa Brendu hænu þó fæstir líti á þær sem vitsmunaverur. Þannig undirstrika ég þá skoðun mína að þeir sem ekki eru viðurkenndir sem sérfræðingar geti stundum haft ýmislegt til síns máls og því sé mikilvægt að hlusta einnig á rödd þeirra. Brenda hefur hvatt mig áfram og aukið mér hugrekki til að vera ég sjálf og fara mínar eigin leiðir.

Enda benti Brenda [Birtu] á, af sinni djúpu visku, að til að hún gæti gert það sem samræmdist hennar eigin sannfæringu þyrfti hún að þekkja sjálfa sig vel. „Það er ekki nóg að reyna að vera það sem maður heldur að maður eigi að vera,“ sagði hún og krafsaði spaklega í jörðina með fótunum og hallaði undir flatt „ekki vera stöðugt að reyna að lifa upp í væntingar annarra, vertu hugrökk og treystu eigin innsæi, það skiptir mestu máli.“

(Edda Kjartansdóttir, 2010)

Hún, ásamt Láru (Richardson, 1997, 2005), veitti mér frelsi til að meta sjálf hvaða leið ég vildi fara í meistaraverkefni mínu. Hugmyndafræði starfendarannsókna um rétt hvers einstaklings til að sýna fram á hvernig og hvers vegna hann leggur áherslu á sérstaka þætti til að læra af og til þess að bæta starf sitt með (McNiff, 2002) studdu mig einnig í þeirri viðleitni minni að fara út úr rammanum eða alla vega leika mér innan hans. En efinn um hvort ég væri á réttri leið fylgdi mér allan tímann.

Óttinn við yfirborðsmennskuna nagar [Birtu] stöðugt. Hún veit að henni hættir til að vera fljót til að telja sig hafa skilið eitthvað sem er svo mögulega rangtúlkun hennar. Hún er meðvituð um að það sé í lagi þegar skoðanirnar eru til heima-brúks en verra ef hún er lögð af stað í mikilvæga vegferð sem byggist svo hugsanlega á misskilningi.

(Edda Kjartansdóttir, 2010)

Spurningarmerkið sem svindlar sér inn í leiðangurinn er tákni þess óumflýjanlega efa sem stöðugt bærast innra með mér og bendir mér á í tíma og ótíma að ekki sé alltaf allt sem sýnist og að ég skuli ekki halda að ég sé eitthvað.



Birta líkt og ég hefur áhyggjur af fólkinu sínu og telur valdeflingu skipta máli svo að fólk hafi svigrúm til athafna og upplifi áhrif sín á eigið líf. Hún hittir fræðimenn sem m.a. vara hana við því að umgangast of mikið sérvitringa ef hún vilji láta taka mark á sér. Stefnumótunaraðila hittir hún einnig, sem telja hugsjónafólk ágætt í sjálfu sér en þó ekki til að glíma við raunveruleg vandamál, þá þurfi stífa ramma og reglur sem fólk á að fara eftir möglunarlaust.

„Ég heyri að þú ert hugsjónamanneskja,“ sagði einn stefnumótunaraðilinn góðlega. „Það getum við ekki leyft okkur, við erum að glíma við raunverulega hluti hér, ekki bara fallegar hugmyndir. Hlutirnir verða að ganga og ekki er hægt að gera einhverjar tilraunir með að hleypa öllu lausu í von um að allt reddist.“ „Við styðjumst stundum við niðurstöður rannsókna fólksins í viskuturninum en leitum líka út fyrir landsteinana til sérfræðinga utan úr hinum stóra heimi og þannig reynum við að láta framfylgja nýjustu og bestu hugmyndum sem hugsast getur.“ „Því miður eru bara sumir ansi tregir í taumi og virðist erfitt fyrir þá að skilja til hvers er ætlast. Við höfum því í samráði við sérfræðingana í viskuturni lagt til að sett verði á fót námskeið í lestri og túlkun rannsóknargagna og bindum miklar vonir við árangur af þeirri vinnu.“

(Edda Kjartansdóttir, 2010)

Að lokum hittir Birta fólk sitt á fundi og hún reynir að miðla því reynslu sinni en það hrekkur í vörn og finnst eins og hún sé að ásaka sig um eitthvað ómaklegt.

„Ég skil ekki alveg hvað þú ert að ásaka okkur um,“ sagði ung kona. „Ég er ekki að ásaka ykkur um neitt. Ég er bara að lýsa fyrir ykkur því sem mér fannst áður en ég lagði af stað í leiðangurinn og að hluta til því sem ég hef komist að í ferðalaginu,“ sagði Birta. „Og það er sem sagt ekki okkur að kenna?“ bætti unga konan við með létti í röddinni. „Nei,“ sagði Birta og hélt svo áfram, „en það er fólk að kynna sér störf ykkar til að komast því hvað má betur fara án þess að þið séu höfð með í ráðum. Það er til fólk sem lítur þannig á að það sé best til þess fallið að rannsaka allt um ykkar störf og lítur jafnvel þannig á að þið eigið svo bara að vera einhvers konar framkvæmdaaðilar þess sem það vill.“ „Þetta er nú ekkert nýtt,“ sagði eldri maður sem sat aftarlega í horni salarins, „það hafa alltaf verið til þesservisserar, það hlustar bara enginn á þá og þá komast þeir ekkert áfram með sínar dillur.“ Salurinn hló og kona bætti við: „Við höfum okkar ráð,“ og fólk nikkaði samþykjandi hvert til annars.

(Edda Kjartansdóttir, 2010)

Glímu Birtu lauk ekki, henni tókst ekki að opna augu eins né neins en ferðalagið var lærdómsríkt engu að síður og henni tókst að koma skilaboðum sínum á framfæri við fólk sitt.

Auðæfin sem þið eigið er þekkingin yfir faginu ykkar. Þið þurfið tóm til að hugsa til að geta spurt þeirra spurninga sem skipta máli, en á meðan mokað er í ykkur verkefnum hafið þið ekki ráðrúm til meðvitaðra hugleiðinga um kosti og galla verkefnanna. Á endanum farið þið jafnvel sjálf að kalla eftir tilbúnum leiðbeiningum sem gera ekki aðrar kröfur til ykkar en að þið fylgið þeim. Þannig afhendið þið þekkinguna á fagi ykkar til annarra, missið sjálfstæði og afsalið ykkur ábyrgð.“ Birta horfði yfir salinn og fannst sem allir væru að hlusta af áhuga. „Mér finnst mikilvægt að þið séuð meðvituð um að þið þurfið að leggja nokkuð á ykkur til halda auðæfum ykkar í eigin höndum. Það er fjöldi manns sem hefur hug á að skapa sér og sínum sess með því að ná yfirráðum yfir þeim, fólk sem jafnvel hreykir sér af þekkingu sinni á ykkar kostnað,“ bætti Birta við. „Þetta er nú ekki alveg svona einfalt,“ sagði spurningarmerkið, „þetta er ekki meðvitað,

Það leggur enginn á ráðin um þetta beint, en það er vissulega hægt að túlka þetta svona.“ „Kannski snýst þetta að einhverju leyti um traust. Einhverjir eru hugsanlega hættir að treysta því að þið ráðið við yfirráðin í vinnu ykkar og vilja því bjarga því sem bjargað verður með því að moka í ykkur leiðbeiningum og tillögum um réttu aðferðirnar,“ bætti Birta við.

„Sú aðferð þeirra eykur hættuna á því að þið hættið að spyrja gagnrýninna spurninga og farið að vinna eins og handbendi annarra,“ sagði Brenda.

(Edda Kjartansdóttir, 2010)

Hvað fólkið gerir síðan við þá vitneskju er ekki ljóst og Birta sættir sig við að hennar áhrif geta ekki orðið stórkostleg.

Birta [...] taldi líklegt að best væri að til væri fjölbreytt blanda hugmynda og framsetninga sem litið væri á sem jafn rétt háar. Henni finnst óþarfi að vera alltaf að setja merkimiðana góður, betri, bestur eða merkilegur, ómerkilegur á allt og alla. „Við erum öll bara skíthræddar manneskur inn við beinið sem glímum við óttann um að missa álit og stöðu ef við förum ekki eftir leikreglum þess hóps sem við tilheyrum,“ sagði Birta. „Krafan um að við eigum að falla í hópinn, eins og ósýnilegir hlutar heildarmyndarinnar, er óþolandi,“ bætti Brenda við hvasst. „En kannski er hún nauðsynleg,“ sagði spurningarmerkið. Um þetta þráttuðu þau fram eftir nóttu án þess að komast að nokkurri niðurstöðu, en þó einhverju nær um það hvernig skoðanir þeirra verða til. Samræðan var góð æfing í að ræða saman og leggja skilning hvert í annars þúkk.

(Edda Kjartansdóttir, 2010)

## Niðurstaða

Meistararitgerð mín var góð æfing í því að hugsa og skilja. Ég átti góða samræðu við fræðimenn og vann á mörgum plönum þó að ritgerðin fjalli að mestu um það að kennarar verði að hafa svigrúm til faglegra ákvarðana í störfum sínum svo að fagmennska þeirra rýrni ekki og þeir endi sem áhrifalaus millistykki milli annarra sérfræðinga og nemenda (Edda Kjartansdóttir, 2010). Þá er stór þáttur hennar einnig umfjöllun um þörf mína til að komast undan rammanum í fræðilegum skrifum.

Þegar ég skoða ritgerðina eftir að henni er lokið læðist að mér sá grunur að ég yfirfæri eigin þörf fyrir sjálfstæði yfir á alla kennarastéttina og leiti raka hjá fræðimönnum til að styðja þá hugmynd mína að þörf kennara fyrir faglegt sjálfræði í starfi sé mikilvæg. Ég veit að margir kennarar vilja gjarnan vinna undir skýrri leiðsögn sérfræðinga lausir undan því að hugsa mikið sjálfir. Að mínu mati er það hins vegar hættuleg þróun, mér finnst alla vega mikilvægt að kennarar afsali sér ekki völdum óvart (Edda Kjartansdóttir, 2010).

Verkfærið eða aðferðin sem ég valdi uppfyllir þarfir mínar til sjálfstæðra vinnubragða enda gera starfendarannsóknir ráð fyrir því að skapandi nálgun sé leyfileg. Formið sem ég valdi er stutt af hugmyndum sem segja að hægt sé að sprengja þann ramma sem akademískt umhverfi hefur búið til í kringum sín fræði. Ég er því mjög samkvæm sjálfri mér í því að gera tilraun til að þenja út þann ramma sem mér virðist fræðilegum skrifum vera settur. Ég vildi gjarnan geta þanið hann enn lengra en mig skorti sjálfstraust og hugrekki til að gera það og þorði því ekki annað en að vera innan rammans að hluta. Ég hef ekki hlotið neina þjálfun í því að brjótast undan rammanum og er því ekki von að setja fram efni með fjölbreyttum hætti. Það er einmitt sú staðreynd sem mér finnst svo merkileg, að öll þau ár sem ég hef stundað framhaldsnám var verið að kenna mér að fylla rétt inn í rammann, í stað þess að efla hjá mér hugrekki til að fara eigin leiðir. Mér fannst ég aldrei ná almenni-

lega um hvað var verið að biðja, hefði auðvitað átt að spyrja en gerði það ekki og kannski það hafi bjargað mér undan því að festast innan rammans.

Mín glíma við að brjótast út úr römmunum stafar bæði af óþægð og minnimáttarkennd. Þegar mér fannst ég ekki ná því sem til var ætlast, fylltist ég vissu yfirlæti gagnvart þeim kröfum sem gerðar voru og vildi ekki reyna að uppfylla þær. Þörf mín til að fá að vera ég sjálf varð hlýðninni yfirsterkari. Löngun mín til að hafa áhrif á hugmyndir og hugsanir annarra fyllti mig eldmóði og veitti mér styrk til að brjótast út úr búrinu. Vanhæfni mín á sviði skapandi aðferða gerði það að verkum að ég náði ekki ætlunarverkinu nema að takmörkuðu leyti. Togstreita mín fólst að miklu leyti í því að eiga erfitt með að greina á milli þess hvar væri réttast að hlýða og hvar ekki. Ég óttaðist eigin heimsku og yfirborðsmennsku en vildi samt geta treyst eigin visku, innsæi og dómgreind og feta stíg sem ég legði sjálf að einhverju leyti.

## Lokaorð

Mér finnst mikilvægt að lokum að taka fram að ég geri mér grein fyrir að mörgum nemendum finnst þægilegt að rammarnir séu mjög skýrir. Ég er ekki að boða það að alla ramma eigi að láta lönd og leið, en það þarf að vera svigrúm innan þeirra svo að þeir nemendur, sem fyllast köfnunartilfinningu ef rammarnir eru of þröngir, geti líka blómstrað. Mín skoðun er sú að áður en nemendur eru lokaðir inni í akademísku formi þurfi þeir að læra að leika sér með textaskrif og víkka þannig út rithæfni sína. Síðar geta þeir agað sig til að uppfylla þær mannasetningar sem ríkja hverju sinni og eru nauðsynlegir þeim sem vilja ná árangri innan fræðasamfélagsins. Það er auðveldara að mínu mati að aga sig eftir að maður hefur fengið að leika lausum hala heldur en að sleppa tókunum ef búið er að læsa mann inni í rammanum. Nemendur þurfa t.d. að kynnast eigin rödd, þekkja ólíkar aðferðir við að koma frá sér efni og vera meðvitaðir um að það fyrir hverja er verið að skrifa hefur áhrif á hvernig skrifað er.

Markmiðið ætti að vera að sem flestir teldu eðlilegt að skrifa og lýsa eigin hugmyndum og skilningi á heiminum í stað þess að gera til sín strangar kröfur um eitt ákveðið form ritunar sem aðeins fáir útvaldir eiga kost á að beita. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að ýmis form ritaðrar tjáningar séu þjálfuð hjá nemendum, ekki síst kennaranemum því kennarastéttin þarf á því að halda að geta rætt og ritað um fagið sitt þannig að á hana sé hlustað. Það veitir kennurum nauðsynlegt vald, sem þeir þurfa að búa yfir sem fagstétt, mállaus stétt fær ekki mikinn hljómgrunn.

## Heimildir

Bourdieu, P. (2007). *Almenningsálitid er ekki til*. Reykjavík: Omdúrman.

Edda Kjartansdóttir. (2010). *Birta varpar ljósi á stöðu kennara*. Meistaraprófsritgerð við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Edda Kjartansdóttir. (2010). Starfendarannsóknir til valdeflingar. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntavika2010/alm/007.pdf>

Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun: Hugleiðingar og tillögur*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Jensen, D. (2005). *Walking on water. Reading, writing, and revolution*. Chelsea Green: Vermont.

Marshall, J. og Reason, P. (2007). Quality in research as 'taking an attitude of inquiry'. Sótt af <http://people.bath.ac.uk/mnspwr/Papers/AttitudeOfInquiry.pdf>

Oddný Eir Ævarsdóttir. (2009). *Heim til míns hjarta. Ilmskýrsla um árstíð á hæli*. Reykjavík: Bjartur.

Páll Skúlason. (1991). *Sjö siðfræðifyrirlæstrar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Pétur Gunnarsson. (2010). Ræða flutt við afhendingu á viðurkenningu Hagbenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Sótt af vefsetri Hagbenkis: <http://hagthenkir.is/>

Richardson, L. (1997). *Fields of play: Constructing an Academic life*. New Brunswick: Rutgers University Press.

Richardson, L. (2005). Writing: A Method of Inquiry. *Handbook of Qualitative Research* (2.útgáfa). Ca: Sage: Thousand Oaks. Bls. 959–978.

Robinson, K. (2010). Bring on the learning revolution! Sótt af TED: [http://www.ted.com/talks/sir\\_ken\\_robinson\\_bring\\_on\\_the\\_revolution.html](http://www.ted.com/talks/sir_ken_robinson_bring_on_the_revolution.html)

Ueland, B. (1987). *If you want to write*. Minnesota: Gray wolf press.

Walsh, M. G. (1998). *Studying children in context*. London: Sage Publications.



Edda Kjartansdóttir. (2012).

Um nauðsyn þess að veita spakviturri hænu og nöldrandi spurningarmerki sess í fræðilegri ritgerð.

*Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/009.pdf>